



SÆMUNDARSKÓLI
GLEDI-VIRÐING-SAMVINNA

Öryggisáætlun Sæmundarskóla

Innihald

Öryggisráð Sæmundarskóla.....	3
Röskun á skólastarfi vegna óveðurs.....	3
Viðbrögð við slysum	5
Rýmingaráætlun vegna eldsvoða	6

Öryggisráð Sæmundarskóla

Öryggisráð Sæmundarskóla skipa aðstoðarskólastjóri, umsjónarmaður fasteigna, fulltrúi kennara og fulltrúi annars starfsfólks.

Kosið er í öryggisráð á starfsmannafundi í lok hvers skólaárs fyrir næstkomandi skólaár.

Öryggisráð kannar að allur aðbúnaður og öryggi bæði nemenda og starfsmanna sé í lagi og gerir 2 kannanir á ári á skólahúsnæðinu og notar til þess leiðbeinandi bækling frá Vinnueftirlitinu (skólar, vinnuumhverfisvísir). Kannanirnar eiga sér stað á haustin áður en nemendur hefja nám og svo aftur við lok skólaárs.

Öryggisráðið skilar skýrslum til skólastjórans og skólaráðs til ákvörðunar/samþykktar.

Öryggisráð sér til þess að allar upplýsingar, er varða öryggi nemenda og starfsfólks séu aðgengilegar.

Öryggisráð útbýr öryggismöppu sem er aðgengileg hjá aðstoðarskólastjóra. Í öryggismöppunni er að finna nánari upplýsingar um þá þætti sem eru kynntir í þessari áætlun auk þess sér öryggisráð um skráningar í eftirlitsbók.

Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur verið falið af sveitarfélögunum á svæðinu að fylgjast með veðri og veðurspám og senda út tilkynningar ef á þarf að halda, eftir atvikum í samráði við lögreglu og fræðslufirvöld.

Hafi Veðurstofan gefið út gula , appelsínugula eða rauða viðvörun þá eru tilkynningar virkjaðar.

Áhrifafylki Veðurstofu Íslands	
	Áhrif óveruleg á daglegar athafnir
	Veðrið getur haft nokkur eða staðbundin áhrif og valdið töfum, slysum eða tjóni ef aðgát er ekki höfð. Slík veður eru ekki óalgeng en krefjast árvekni við skipulagningu atburða og í ferðum á milli landshluta. Óveruleg áhrif á samgöngur og innviði/þjónustu. Gul viðvörðun getur einnig gefið til kynna að litlar eða miðlungs líkur séu á mjög áhrifamiklu veðri 3-5 daga fram í tímann.
	Miðlungs eða miklar líkur eru á veðri sem valdið getur miklum samfélagslegum áhrifum. Veðrið getur valdið tjóni og/eða slysum og ógnar mögulega lífi og limum ef aðgát er ekki höfð. Skerðing á samgöngum og innviðum/þjónustu tímabundin/staðbundin. Veður sem þessi verða nokkrum sinnum á ári.
	Miklar líkur eru á veðri sem hefur mjög mikil samfélagsleg áhrif, eða slíkt veður er yfirstandandi. Einstaklega áköfum og hættulegum veðurskilyrðum er spáð. Búast má við miklum skemmdum, líkur á slysum eru miklar, veðrið ógnar lífi og limum. Viðbúið að samgöngur lokist og aðgengi að innviðum/þjónustu skerðist.

Kappkostað er að senda tímanlega út tilkynningu um röskun á skóla- og frístundastarfi í samstarfi við útvarpsstöðvar og vefmiðla og er miðað við að þær berist eigi síðar en kl. 7 að morgni.

Áríðandi er að foreldrar fylgist með tilkynningum og fari að tilmælum.

Símkerfi skóla eru misvel undir það búin að anna miklu álagi og er foreldrum því bent á að fylgjast vel með veðri og tilkynningum og afla upplýsinga í fjölmiðlum, á vefsíðum skóla og slökkviliðsins (shs.is). Einnig má fá upplýsingar á Facebook-síðum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Foreldrar skulu ævinlega leita eftir staðfestum tilkynningum yfirvalda.

Útsendar tilkynningar SHS eiga ávallt við um höfuðborgarsvæðið í heild, en aðstæður geta verið mismunandi eftir hverfum og bæjarhlutum.

Sjá nánar á heimasíðu slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins:

<http://shs.is/index.php/fraedsla/roskun-a-skolastarfi/>

Viðbrögð við slysum

Viðbrögð við slysum á nemendum

1. ef um augljóslega lítilsháttar meiðsl er um að ræða þá búa um það og/eða að leyfa nemandanum að jafna sig inni
2. ef um er að ræða meiðsl sem erfitt er að meta hvort það sé lítilsháttar eða alvarleg þá hringir viðkomandi starfsmaður í foreldra/forráðamenn og lýsir atvikinu og meiðslunum eins ítarlega og hægt er og lætur foreldra taka ákvörðun um framhaldið
3. þegar er um að ræða bak- og/eða höfuðáverka, á alltaf að láta foreldra/forráðamenn vita
4. þegar um er að ræða alvarlegri slys þá er farið eftir þesari áætlun:
 - sá sem kemur að barninu metur ástand
 - kallar á hjálp – hringja á sjúkrahíl – sjúkrakassa
 - hefur skyndihjálp – er hjá barni þar til hjálpin berst
 - umsjónarkennari eða skólastjórnandi tilkynnir foreldrum
 - umsjónarkennari tilkynnir öðrum börnum í bekknum
 - enginn af starfsfólki skólans má fara með nemandann á einkabíl á sjúkrahús

Tilkynning til foreldra:

Lífshættulegt ástand – skólastjórnandi tilkynnir

Minni slys – hringt í foreldra

Hvað er sagt við foreldra/forráðamenn

Kynna sig – hvað kom fyrir – er á leið á sjúkrabíl – hver er með nemandanum

Viðbrögð við slysum á starfsmönnum

1. ef um er að ræða meiðsli sem erfitt er að meta hvort það sé lítilsháttar eða alvarleg þá láta starfsmann meta hvort þurfi að hringja á sjúkrabíl.
2. þegar um er að ræða alvarlegri slys þá er farið eftir þesari áætlun:
 - sá sem kemur að starfsmanninum metur ástand
 - kallar á hjálp – hringja á sjúkrabíl – sjúkrakassa
 - hefur skyndihjálp – er hjá starfsmanni þar til hjálpin berst
 - skrifstofustjóri eða skólastjóri tilkynnir maka eða nánasta fjölskyldumeðlimi
 - skólastjórnandi tilkynnir nemendunum í bekknum (ef um umsjónarkennara er að ræða)

Tilkynning til maka/nánasta fjölskyldumeðlim:

lífshættulegt ástand – skólastjórnandi tilkynnir

minni slys – hringt í maka/nánasta fjölskyldumeðlim

Hvað er sagt við maka/nánasta fjölskyldumeðlim:

kynna sig – hvað kom fyrir – er á leið á sjúkrabíl – hver(ef einhver er) er með starfsmanninum

Rýmingaráætlun vegna eldsvoða

Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun:

Stjórnendur:

1. Umsjónarmaður, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, skrifstofustjóri fara að stjórnstöflu kerfis og kanna hvaðan brunaboðið kemur. Þar er metið hvort slökkt er á bjöllu eða ekki. Ef eldur er laus og raunveruleg hættu á ferðum þá eru brunabjöllur settar í gang og skólinn rýmdur tafarlaust.
2. skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða námsráðgjafi fara á söfnunarsvæðið og kanna hvort allir hafi skilað sér, grænt spjald þýðir að allir séu á svæðinu, sem mættir eru í skólann, enn rautt spjald þýðir að einhvern nemanda vanti í hópinn
3. skólastjóri, aðstoðarskólastjóri koma upplýsingum til varðstjóra slökkviliðs
4. Umsjónarmaður eða skrifstofustjóri sjá um að koma nafnalistum yfir veikindi nemenda og starfsfólks úta á söfnunarsvæði. Þau kanna einnig hvort allir starfsmenn hafi skilað sér

Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun:

Kennarar:

1. nemendur yfirgefa ekki kennslustofu fyrr en kennari hefur kannað hvort útgönguleið sé greið, hver kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem er að kenna þegar hættuástand skapast. Ætíð skal fara út um þann neyðarútgang sem næstur er skv. skipulagi flóttaleiða í skólanum, eldvarnarhurðir lokast sjálfkrafa ef eldur / reykur kemur upp
2. sá sem síðastur fer úr kennlustofum og eða öðrum rýmum skal loka öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reykflæði um húsið. Kennari gengur á undan nemendum eftir útgönguleiðinni. Ef stuðningsfulltrúi er í bekknum gengur hann aftast.
3. söfnunarsvæði skólans er á nýja fótboltavellinum, battavöllurinn er til vara. Hópunum er raðað í aldursröð 10. bekkur fyrstur og síðast 1. bekkur. Þegar

komið er út á söfnunarsvæðið er mjög mikilvægt að nemendur standi í einfaldri röð hjá kennara sínum sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út. Skrifstofustjóri / húsvörður koma út á söfnunarsvæði með nafnalistana

4. ef allir nemendur eru mættir er græna spjaldið sett upp, rauða spjaldið er sett upp ef nemanda vantar
5. skólastjóri / aðstoðarskólastjóri munu ganga á milli og athuga hvort allt sé í lagi í hverri röð
6. ef um falsboð er að ræða er mjög mikilvægt að að kennari noti tækifærið og ræði við nemendur um mikilvægi brunavarna og fari yfir rýmingaráætlunina með þeim

Sjá nánar í viðbragðs- og rýmingaráætlun Sæmundarskóla

https://saemundarskoli.is/wp-content/uploads/2019/09/rymingaraaetlun_saemundarskola.pdf